

PFR skýrslugerð – hvað, hvers vegna, hvernig og hvenær Programme Focus Reports

Hvað er PFR skýrsla?

PFR er skýrsla sem klúbbur eða landssamband getur lagt fram um verkefni sem er að hefjast, er í framkvæmd eða er lokið.

PFR skýrslu á ekki að gera um fyrirlestra, 3 mínútna erindi, ferðalög, kynningar, samveru og fleira sem klúbbsystur taka sér fyrir hendur. Þessi atriði fara eins og áður í skýrslu formanna klúbba til forseta Landssambandsins í lok starfsárs.

Hvers vegna?

Með því að senda PFR skýrslur verða öll verkefni þekkt og aðgengileg. Soroptimistar í Evrópusambandinu, jafnt og í öðrum heimshlutasamböndum, hafa aðgang að og geta lesið skýrslur þegar þær eru komna inn í gagnagrunninn. Fulltrúar Soroptimista hjá Sameinuðu þjóðunum og öðrum alþjóðastofnunum geta þá jafnframt fylgst með verkefnum okkar. Skýrslurnar geta orðið öðrum innblástur og eru frábær kynning á verkum okkar. Þar að auki fara öll verkefni í gagnagrunn og keppa um „Best Practice Award“ verðlaun sem veitt eru á hverju ári fyrir besta verkefnið á hverju verkefnasviði.

Hvernig?

Með nýja gagnagrunninum sem Alþjóðasambandið hefur komið upp er auðvelt að senda Programme Focus skýrslurnar rafrænt.

Athugið að ekki er lengur hægt að senda skýrslur bréflega, einungis er hægt að senda þær rafrænt.

Aðgagnsorðið er að finna á innri vef undir flípanum Formenn - Aðgangur að PFR skýrsluvef.

Fara inn á <http://reports.soroptimistinternational.org> og fara inn á **Programme Focus Reporting System** og ýta á **Submit Reports**. Fylla eins nákvæmlega út og hægt er í öll svæði á eyðublaðinu og ýta á **Submit**. Skýrslan skal vera á annað hvort ensku eða frönsku. Skýrsla sem er send fer fyrst til SEP þar sem hún er yfirfarin og samþykkt áður en hún er send áfram. Yfirfarin þýðir að hún er prófarkalesin og stytt, ef þörf krefur, leiðréttar hugsanlegar tungumálavillur áður en hún er send áfram í gagnagrunninn. Innihaldi skýrslunnar verður á engan hátt breytt. Ef skýrsla er send inn á frönsku verður hún þýdd yfir á ensku.

Athugið að ávallt skal senda forseta Landssambandsins afrit þegar skýrsla er send til Evrópusambandsins (SI/E).

Hvenær?

Hægt er að senda inn PFR skýrslu hvenær sem er. Það eru engir eindagar eða tímamörk. Dæmi:

1. Verkefni er nýhafið og þið viljið að aðrir viti um það.
2. Verkefni miðar vel áfram og þið viljið láta vita hvernig gengur.
3. Verkefni er lokið og þið viljið upplýsa um árangurinn.

Ef um langtímaverkefni er að ræða er æskilegt að gera PFR skýrslu á t.d. 2-4 ára fresti, sérstaklega ef breytingar hafa orðið á verkefninu.

Dreifing PFR skýrslna

SEP sér um að senda afrit af PFR skýrslum til viðkomandi verkefnastjóra innan Evrópusambandsins.

Gangi ykkur vel

Hafið það fyrir reglu að gefa skýrslu um verkefni ykkar klúbbs/landssambands svo SI/E verði þekkt fyrir að vera kraftmikið heimshlutasamband.

Geymið það ekki hjá ykkur sem þið gerið – deilið því með öðrum.

Tekið saman fyrir SI/E af Kirsten Sveder í desember 2007

Kristín Einarsdóttir og Sigríður Þórarinsdóttir þýddu, útg. í janúar 2008

Dagrún Þórðardóttir og Guðrún Erla Björgvinsdóttir gerðu breytingar í maí 2010